



347. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og á Microsoft Teams, fimmtudaginn 23. nóvember 2023 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSí.

Teams: Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson, og Kári Mímisson.

Forföll: Garðar Svansson og Hjördís Guðmundsdóttir.

1. varaforseti setti fund og stýrði honum þar til forseti mætti til fundar í 2. dagskrárlið.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSí, skv. samantekt sem liggur fyrir fundinum.

2. Fjármál

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri fór yfir fjármálatengdar upplýsingar sem kynntar verða á Formannafundi ÍSí á morgun. Skipting lottótekna kemur til með að breytast með tilkomu svæðaskrifstofa ÍSí og UMFÍ. Ósóttir vinningar 2024 verða greiddir út jafnóðum í stað þess að safna þeim upp og greiða út sérstaklega. Gjaldkeri útskýrði uppsetningu á leiðbeinandi upplýsingum vegna þess hluta úthlutunar á lottó, sem byggir á mati framkvæmdastjórnar ÍSí. Gjaldkeri skýrði frá því að framundan væri vinna með ráðuneyti við endurnýjun samninga.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að sent yrði bréf til fjárlaganefndar Alþingis eftir helgi, til að leggja áherslu á aukningu á framlagi til Afrekssjóðs ÍSí, ríkisstyrki til sérsambanda og Ferðasjóð íþróttafélaga.

Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson viku af fundi fyrir næsta dagskrárlið.

3. Afrekssjóður ÍSí

Daníel Jakobsson formaður Afrekssjóðs ÍSí fylgdi eftir fundargerð sjóðsstjórnar og minnisblaði vegna bréfs KSÍ frá 19. október sl. Hann skýrði nokkrar sviðsmyndir í þessu samhengi.

Í reglugerð sjóðsins er fjallað um ákvörðun um úthlutun styrkja (18. grein) og kemur þar fram að stjórn sjóðsins skuli taka sérstakt tillit til heildartekna og fjárhagsstöðu sérsambanda þegar úthlutun er ákveðin. Stjórn Afrekssjóðs ÍSí óskaði eftir því að framkvæmdastjórn ÍSí tæki sérstaklega til umfjöllunar mögulega styrkveitingu til KSÍ og var málefnið til umræðu á síðasta fundi framkvæmdastjórnar og svo aftur núna. Var þessi leið farin þar sem KSÍ óskaði eftir afstöðu ÍSí gagnvart úthlutun til KSÍ, áður en umsóknarfrestur rann út, m.a. með hliðsjón af vinnu við umsókn KSÍ í sjóðinn.

Framkvæmdastjórn samþykkti að KSÍ fái 100% skerðingu vegna tekna/fjárhagslegrar stöðu við úthlutun ársins 2024. Forseta og framkvæmdastjóra falið að funda með KSÍ vegna málsins. ÍSÍ mun fylgjast með hvernig stuðningi er háttað til knattspyrnusambanda hjá þeim löndum sem við berum okkur jafnan saman við en vonir eru einnig bundnar við að framlag ríkisins til afreksíþróttastarfs og þá til Afrekssjóðs ÍSÍ aukist á næstu árum. Með því gefist þá tækifæri til að endurskoða framtíðar úthlutunar til KSÍ.

ÍSÍ mun gefa út lista yfir flokkun sérsambanda í afreksflokka, óháð úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ. Samþykkt að kalla eftir samstarfi við KSÍ varðandi sameiginleg verkefni, svo sem verkefnum tengdum afreksíþróttamiðstöð, enda er KSÍ framarlega í flokki sérsambanda ÍSÍ á því sviði.

Viðar, Úlfur og Valdimar komu aftur inn á fundinn.

4. Nefndir ÍSÍ

Samþykkt að gera þá breytingu á vinnuhópi ÍSÍ um góða stjórnarhætti að Valdimar Leó Friðriksson falli út úr hópnum og Ragnheiður Ríkharðsdóttir taki við formennsku í hópnum.

Samþykkt að annars vegar verði starfandi upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSÍ, sem í sitja fulltrúar frá ÍSÍ og hins vegar verði samráðshópur um upplýsinga- og fjölmiðlamál sem í sitji eftirtaldir:

Hjördís Guðmundsdóttir, ÍSÍ, formaður,

Elsa Nielsen, ÍSÍ

Úlfur H. Hróbjartsson, ÍSÍ

Viðar Garðarsson, ÍSÍ

Ómar Smáráson, KSÍ

Jón Björn Ólafsson, ÍF

Þórey Kristinsdóttir, FSÍ

Hannes S. Jónsson, KKÍ

Samþykkt að Elsa Nielsen taki við stjórn vinnuhópsins á meðan Hjördís Guðmundsdóttir er upptekin við störf sín hjá Almannavörnum.

5. Ráðstefnan – Vinnum gullið!

Forseti fór yfir ráðstefnuna, sem fór fram 20. nóvember síðastliðinn en hún heppnaðist afar vel. Tæplega 400 manns sóttu ráðstefnuna og um 1.800 manns komu inn á streymið frá henni. Mjög góðar umræður og ábendingar komu fram á ráðstefnunni, sem unnið verður með í vinnu starfshóps ráðuneytisins um umgjörð afreksíþróttastarfs.

6. Áskorun á ÍSÍ, UMFÍ og sérsambönd ÍSÍ um fjárhagsstuðning til Umf. Grindavíkur

Forseti skýrði frá áskorun frá Keflavík, íþróttá- og ungmennafélagi, Umf. Njarðvíkur og Þrótti, Vogum, til ÍSÍ, UMFÍ og þeirra sérsambanda ÍSÍ sem tengjast íþróttastarfinu í Grindavík. Skorað er á ofangreind sambönd/samtök að styðja fjárhagslega við Umf. Grindavíkur vegna þeirra hamfara sem dunið hafa yfir þar síðustu daga í formi jarðhræringa.

Forseti hefur verið í sambandi við formann Íþróttabandalags Suðurnesja vegna málsins og ÍSÍ hefur lýst yfir stuðningi við héraðið og félögin í Grindavík. Eins hefur forseti verið í sambandi við ráðuneytið, sem þegar hefur samþykkt einhvern fjárstuðning vegna málsins.

Framkvæmdastjóra falið að skoða hvort að ÍSÍ geti með einhverjum hætti stutt betur við félögin á svæðinu.

7. Svæðaskrifstofur ÍSÍ og UMFÍ

Forseti fór yfir stöðu mála. Verið er að vinna drög að samningi við ráðuneytið, tímalínu og annað sem til þarf. Framkvæmdastjóri ÍSÍ, framkvæmdastjóri UMFÍ og sviðstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSÍ hafa fundað með öllum fyrirhuguðum svæðum og viðkomandi íþróttahéruðum síðustu daga. Fundirnir voru mjög gagnlegir og umræður góðar.

8. Formannafundur ÍSÍ 2023

Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá Formannafundar ÍSÍ sem fer fram á morgun í íþróttamiðstöð Fram í Úlfarsárdal. Þrjár kynningar verða á undan fundinum, um sjálfbær íþróttamannvirki, verkefnið 5C's og farsæld barna og íþróttir.

Fundurinn sjálfur hefst kl. 15:30. Framkvæmdastjórn ÍSÍ valdi tvö málefni til að fara sérstaklega yfir á fundinum, þ.e. afreksíþróttir og svæðaskrifstofurnar. Einnig mun forseti fara stuttlega yfir framtíðarsýnina. Þórey Edda verður fundarstjóri og Jón Reynir Reynisson starfsmaður á Stjórnsýslusviði verður fundarritari.

9. Fyrirmyndarhéruð/Fyrirmyndarfélög

Sviðstjóri Stjórnsýslusviðs fór yfir þær útskriftir og endurnýjanir sem framundan eru.

Samþykkt að veita Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar (ÍBH) og Ungmennasambandi V-Húnavetninga (USVH) endurnýjun gæðavottunarinnar Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Afhending til USVH er ótímasett en verður fyrir áramót og afhending til ÍBH fer fram á íþrótt- og viðurkenningahátíð bandalagsins 27. desember nk.

10. Tilnefning í samráðsvettvang um hagræðingu kappleikja

Óskað er eftir tilnefningum frá ÍSÍ í ofangreindan samráðsvettvang. Tilnefna verður einn karl og eina konu.

Samþykkt að tilnefna Kára Stein Reynisson og Líneyju Rut Halldórsdóttur.

11. Tilnefning í samráðsvettvang um sameiginlegar starfsstöðvar

Óskað er eftir tilnefningum frá ÍSÍ í ofangreindan samráðsvettvang. Tilnefna verður einn karl og eina konu.

Samþykkt að tilnefna Andra Stefánsson og Höllu Kjartansdóttur.

12. Boðsbréf um þátttöku í EYOWF 2025 í Georgíu

Tekið fyrir formlegt boðsbréf um þátttöku í Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2025 í Georgíu. Staðfesta þarf þátttöku fljótlega. Framkvæmdastjóri kannar áhuga sérsambanda vetraríþróttá á þátttöku. Rætt um að nauðsyn þess að taka umræðu í framkvæmdastjórn ÍSÍ um ólympísku verkefnið sem framundan eru, áherslur og kostnað.

13. Heiðranir

Samþykkt að sæma fráfarandi formann Golfklúbbs Borgarness, Ingva J. Árnason, Gullmerki ÍSÍ á aðalfundi félagsins, sem fagnar 50 ára afmæli á árinu. Hörður Þorsteinsson mun afhenda viðurkenninguna fyrir hönd ÍSÍ á fundinum sem haldinn verður 7. desember nk.

14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 345. og 346. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ

- 303. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ - **Samþykkt 4 milljón króna úthlutun til HSÍ vegna landsliðs kvenna sem keppir á HM í handknattleik.**

15. Viðburðir framundan

Farið fyrir viðburði sem framundan eru.

16. Næstu fundir

Næsti fundur verður haldinn 7. desember nk. Stjórnir ÍSÍ og UMFÍ hittast, ásamt mökum, í jólamat í Café Easy föstudaginn 8. desember nk.

Gera má ráð fyrir aukafundi síðar í desember vegna úthlutana úr Afrekssjóði ÍSÍ fyrir áramót.

17. Önnur mál

Tillaga frá fjármálaráði ÍSÍ.

Hörður Þorsteinsson skýrði frá fundi fjármálaráðs ÍSÍ sem nýlega var haldinn með nokkrum aðilum, þar sem rætt var um tengingar afreksíprótta við atvinnulífið, með fjárhagslegan stuðning í huga. Fjármálaráði falið að leiða þessa vinnu áfram og láta útbúa kynningarefni í þessum tilgangi.

Ráðstefna um stöðu kvenna í íþróttum

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skýrði frá ráðstefnu sem fyrirhugað er að halda 8. mars nk., á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, í samvinnu við sérsambönd ÍSÍ, um stöðu kvenna í íþróttum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari